

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Eyvík í Grímsnesi, Heimaás.

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til verslunar- og þjónustulóðarinnar Heimaáss, L226734, í landi Eyvíkur. Í breytingunni felst breytt lega lóðarinnar þar sem gert er ráð fyrir að hún færist lítillega til vesturs. Engar breytingar eru gerðar á stærð lóðarinnar. Samþykkt í sveitarstjórn 15. febrúar 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 23. mars 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 11. apríl 2023